

Ed.

249. Frumvarp til laga

[232. mál]

um niðurfellingu laga nr. 54 frá 29. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Lög nr. 54 frá 29. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna, falla úr gildi. Jafnframt skal Lánasjóður sveitarfélaga skv. lögum nr. 35 frá 29. apríl 1966 yfirtaka eignir og skuldir Landkaupasjóðs og það hlutverk sem sá sjóður hafði samkvæmt lögum nr. 54/1981.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar árið 1988.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1963 voru sett lög nr. 41 27. apríl um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa. Tilgangur laganna kom fram í fyrirsögn þeirra en í 1. gr. laganna var ákvæði um að ríkissjóður legði árlega á næstu 10 árum fram 3 millj. kr. sem heimilt væri að lána kaupstöðum og kauptúnum til að kaupa lönd og lóðir innan takmarka hlutaðeigandi sveitarfélags.

Þéttbýlissveitarfélög víða um land höfðu mjög leitað ásjár ríkisins um fjárhagsaðstoð til að kaupa lönd og lóðir af einkaaðilum en þá var engin fjármálastofnun í landinu sem lánaði eða taldi sér skylt að veita sveitarfélögum langtímalán í þessu skyni.

Á árunum 1964 til 1972 voru árlega veittar 3 millj. kr. á fjárlögum til ráðstöfunar samkvæmt landkaupasjóðslögunum frá 1963 og á árunum 1974 til 1980 voru árlega veittar 10 millj. kr. í þessu skyni. Samanlagt hefur framlag ríkissjóðs til Landkaupasjóðs á árunum 1964 til 1980 verið 97 millj. kr. miðað við verðlag hvers árs. Frá og með árinu 1981 hefur ekkert fé verið ætlað í fjárlögum til Landkaupasjóðsins.

Á rúmlega tveggja áratuga starfstíma Landkaupasjóðsins hafa 50 sveitarfélög í öllum landshlutum fengið hjá honum lán til landkaupa, þar af 10 kaupstaðir (Grindavík, Garðabær, Seltjarnarnes, Akranes, Bolungarvík, Ísafjörður, Ólafsvík, Dalvík, Eskifjörður og Selfoss). Hafa sum þessara sveitarfélaga fengið lán oft en einu sinni úr sjóðnum.

Samkvæmt lögum nr. 41/1963 voru lánskjör ákveðin þannig að lánin voru svonefnd „annuitets-lán“ til 25 ára með föstum vöxtum 5% á ári, en með lögum nr. 50/1974 var ákveðið að taka upp verðtryggingu á útlánum sjóðsins.

Í árslok 1980 nam skuldabréfaeign sjóðsins 183,6 millj. kr. sem vegna myntbreytingarinnar urðu í ársbyrjun 1981 1 836 000 kr. Samkvæmt efnahagsreikningi sjóðsins 31. desember 1985 nam hrein eign hans 8 136 691 kr.

Þegar lög nr. 41/1963 voru sett var, sem fyrr segir, engin lánastofnun í landinu sem veitti sveitarfélögum langtímalán til landkaupa. Árið 1966 voru sett lög um Lánasjóð sveitarfélaga og tók hann til starfa á árinu 1967. Er þeim sjóði fyrst og fremst ætlað það hlutverk að veita sveitarfélögum fjárfestingarlán. Samkvæmt samningi félagsmálaráðuneytisins við Lánasjóð sveitarfélaga hefur sjóðurinn allt frá árinu 1967 annast afgreiðslu lána úr Landkaupasjóði, svo og annast innheimtur og bókhald fyrir sjóðinn, en félagsmálaráðherra hefur tekið ákvarðanir um lánveitingar svo sem lög mæla fyrir um.

Þar eð ríkissjóður hefur frá og með árinu 1981 hætt að leggja Landkaupasjóði til fjármagn, ráðstöfunarfé sjóðsins hefur farið minnkandi og starfandi er sjóður sem hefur það meginhlutverk að veita sveitarfélögum lán til langs tíma, sýnist með öllu ástæðulaust að reka Landkaupasjóð áfram sem sjálfstæða stofnun til frambúðar heldur að sameina hann Lánasjóði sveitarfélaga sem í tvo áratugi hefur séð um starfsemi Landkaupasjóðsins. Er því í frumvarpi þessu lagt til að lög nr. 54 frá 29. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna, verði felld úr gildi og Lánasjóður sveitarfélaga yfirtaki hlutverk og eignir Landkaupasjóðsins frá og með ársbyrjun 1988.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 24. október 1986 að höfðu samráði við stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga að beina þeim tilmælum til félagsmálaráðherra að Landkaupasjóður ríkisins skv. lögum nr. 54/1981 yrði sameinaður Lánasjóði sveitarfélaga.